

*Fjármála- og
efnahagsráðuneytið*

Minnisblað

Viðtakandi: **Fjárlaganefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**
Dagsetning: **03.06.2014**
Málsnúmer: **FJR13080037**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um opinber fjármál

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um lífeyrisskuldbindingar ríkja innan OECD.

Svör fjármála- og efnahagsráðuneytis:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að greiningu á lífeyrisskuldbindingum OECD-ríkja í samræmi við fyrirspurn fjárlaganefndar. Í ljós hefur komið að heildstæðar upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar þjóða virðast þó ekki vera tiltækar. Í skýrslu OECD frá 2013 sem ber heitir „Pension at a Glance“ eru settar fram ítarlegar upplýsingar um aðra þætti lífeyrismála og hér á eftir verður reynt að varpa ljósi á umfang skuldbindinga aðildarríkja OECD með hliðsjón af upplýsingum úr fyrrgreindri skýrslu, sem skiptist í 9 kafla:

- Kafli 1. Nýleg endurskoðun lífeyrissjóðakerfa OECD-ríkja og áhrif þeirra
- Kafli 2. Áhrif húsnæðis, eigna og opinberra þjónustu á framfærslu aldraðra
- Kafli 3. Uppbygging lífeyrissjóðakerfa
- Kafli 4. Lífeyrisréttindi
- Kafli 5. Tekjur og fátækt aldraðra
- Kafli 6. Fjármögnun lífeyriskerfa
- Kafli 7. Lýðfræðilegar upplýsingar
- Kafli 8. Sjóðsmyndun einka og opinberra lífeyrissjóða
- Kafli 9. Upplýsingar um einstök aðildarríkja OECD

Í meðfylgjandi töflu (dálkur eitt) koma fram upplýsingar um eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF). Þar má m.a. lesa að eignir lífeyrissjóða í Ástralíu nema rúmlega 93% af VLF en aðeins um 5% af VLF í Austurríki. Einnig má lesa úr töflunni að í Ástralíu séu áunnin lífeyrisréttindi 60% af miðgildi launa en aftur 76,6% í Austurríki. Þessi samanburður gefur til kynna að lífeyrisskuldbindingar eru verulegar í Austurríki þar sem sjóðsmyndun er mjög lítil en að sama skapi eru lífeyrisskuldbindingar mun lægri í Ástralíu. Í töflunni er einnig að finna upplýsingar um lífeyrisgreiðslur hins opinbera í þessum tveimur löndum. Þar sést að í Ástralíu greiðir hið opinbera 3,5% af VLF vegna lífeyris en sambærileg tala er 13,5% af VLF í Austurríki. Af þessu má álykta að í Austurríki sé lífeyriskerfið meira og minna gegnumstremiskerfi þar sem sjóðsmyndun er mjög lítil. Annað er upp á teningnum hjá Ástralíu þar sem stór hluti lífeyrisgreiðslna er fjármagnaður úr söfnunarsjóðum.

Sé horft til OECD-ríkjanna í heild, sbr. meðfylgjandi töflu, er ljóst að 9 ríki af 34 eru með mikla sjóðsmyndun. Hér er um að ræða Ástralíu, Kanada, Chile, Finnland, Ísland, Holland, Pólland, Bretland og Bandaríkin. Lífeyrisskuldbindingar þessara ríkja eru þar af leiðandi minni en annars væri raunin. Alls 21 ríki teljast hins vegar búa yfir lítilli sjóðsmyndun og því má álykta að þar sé starfsrækt

gegnumstreymiskerfi að mestu, en að meðaltali lofa OECD-ríkin 58% af miðgildi launa í lífeyrisgreiðslur. Restin eða 4 ríki eru með sjóðsmyndun á bilinu 25-50% af VLF, þ.e. Danmörk, Írland, Ísrael og Japan.

Fram kemur í töflunni að í 16 OECD-ríkjum er lífeyrisaldurinn 65 ára en aftur 15 meða 67 ára. Af yfirliti hennar má álykta að hjá þeim ríkjum þar sem lífeyrissjóðir eru vel fjármagnaðir kemur stærstur hluti lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum. Í þeim löndum þar sem lífeyrissjóðir eru ver fjármagnaðir þarf ríkið að leggja til umtalsvert fjármagn eigi að vera mögulegt að tryggja lögbundnar lífeyrisgreiðslur. Sé Ísland borið saman við önnur ríki OECD kemur í ljós að lífeyrisgreiðslur opinberra aðila nema einungis 1.7% af VLF sem er með því lægsta sem þekktist.

Ýmsar upplýsingar um lífeyrismál í OECD-ríkjum

	Eignir lífeyrissjóða		Eignir opinberra lífeyrissjóða		Lífe af
OECD ríki:	% af VLF	USD milljónir	% af VLF	USD milljónir	af
Ástralía	93,2	1.345.506	5,0	75.366	
Austurríki	4,9	20.534	n.a.	n.a.	
Belgía	4,2	21.740	5,0	25.574	
Kanada	63,7	1.106.091	10,9	189.755	
Chíle	58,5	145.512	1,9	4.750	
Tékkland	6,5	14.019	n.a.	n.a.	
Danmörk	49,7	165.741	n.a.	n.a.	
Eistland	5,3	1.577	n.a.	n.a.	
Finnland	75,0	199.809	n.a.	n.a.	
Frakkland	0,3	6.954	4,3	119.520	
Þýskaland	5,5	195.358	n.a.	n.a.	
Grikkland	0,0	102	n.a.	n.a.	
Ungverjaland	3,8	5.287	n.a.	n.a.	
Ísland	128,7	18.089	n.a.	n.a.	
Írland	46,2	100.556	8,6	18.658	
Ísrael	49,4	120.101	n.a.	n.a.	
Ítalía	4,9	106.889	n.a.	n.a.	
Japan	25,1	1.470.350	23,2	1.360.686	
Kórea	4,5	49.721	28,2	314.917	
Lúxemborg	1,9	1.156	n.a.	n.a.	
Mexíkó	12,9	149.010	0,1	1.539	
Holland	135,5	1.134.726	n.a.	n.a.	
Nýja Sjáland	15,8	24.734	8,8	14.046	
Noregur	7,4	35.977	5,0	24.410	
Pólland	15,0	77.433	0,8	4.325	
Portugal	7,7	18.410	5,2	12.340	
Slóvakía	8,4	8.065	n.a.	n.a.	
Slovenía	2,9	1.666	n.a.	n.a.	
Spánn	7,8	116.355	6,2	92.928	
Svíþjóð	9,2	49.635	25,0	134.620	
Swiss	110,7	703.448	n.a.	n.a.	
Tyrkland	4,1	32.090	n.a.	n.a.	
Bretland	95,8	2.313.484	n.a.	n.a.	
Bandaríkin	72,2	10.839.889	17,8	2.677.925	
OECD 34 ríki	73,8	20.600.013	18,9	5.071.358	

c)

